

Alþingi
Erindi nr. P 141/1482
komudagur 11.2.2013

11.2.2013

Umsögn um

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.).
Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012 -2013

1. Tillögur í frumvarpi þessu eru mikil afturför. Hugmyndir um að dæma sakhæfa menn til refsivistar á sjúkrahúsi - geðdeild- eru mjög alvarlegar og ber að mótmæla harkalega
2. Hugmyndir um að dæma sakhæfa menn til ótímabundinnar dvalar á stofnun, eru fyrir neðan allar hellur og í engu í samræmi við það að menn eigi að vita hvert umfang refsingar þeirrar er.
3. Geðlæknafélagið telur eðlilegt að sjúkraálma sé við fangelsi, til þess að sinna veikindum fanga, þ.m.t geðsjúkdómum.
4. Geðlæknafélagið telur eðlilegt að bráðum veikindum fanga eins og annarra borgara sé sinnt á sjúkrahúsum þ.m.t. eftir atvikum geðsjúkrahúsum, dvöl þar teljist ekki til refsingar, né dragist hún frá refsivistartíma. Þá ráði læknisfræðilegar ástæður útskrift.
5. Geðlæknafélagið vekur athygli á að ákvæði s.k. Hawaii yfirlýsingar geðlækna stangast mögulega á við atriði frumvarpsins og geta gert geðlæknum ókleyft að starfa samkvæmt því
6. Geðlæknafélagið er sammála því að rétt er að endurskoða 70 ára gömul ákvæði er lítur að ósakhæfum afbrotamönnum og sjúkum afbrotamönnum. Slíkt verður ekki gert af þekkingu án aðkomu geðlækna og annarra fagmanna
7. Geðlæknafélagið mælist til þess að frumvarp þetta verði dregið til baka í heild sinni
8. Öllum ekki á fordómum geðdeildir eru ekki fangelsi.

fyrir hönd Geðlæknafélags Íslands
Kristinn Tómasson, dr. med
Formaður
sími 897 3012